

LÖG

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við smíði varðsups er eigi skylt að láta fara fram útboð og er heimilt að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Sama gildir um viðhald varðsups þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 143

LÖG

23. desember 1998

um breyting á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Skilyrði styrkveitingar er að ekki sé unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks samkvæmt lögum þessum er nýta rétt til láns úr Lána-sjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.